
**SKRÁNING FORNLEIFA VEGNA ENDURNÝJUNAR ÖRLYGSHAFNARVEGAR
FRÁ SKÁPADAL AÐ SAUÐLAUKSDAL Í PATREKSFIRÐI**



BIRNA LÁRUSDÓTTIR

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS579-15251**



*Á ljósmynd á forsíðu sést Grænhóll (BA-153:023) fyrir miðri mynd með áberandi þúfu í kolli.
Horft út Patreksfjörð.*

©2015

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	4
2. LÖGGJÖF UM MINJAVERNÐ.....	6
3. AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	8
4. FORNLEIFAR Á ÁHRIFASVÆÐI VEGLÍNU.....	9
5. NIÐURSTÖÐUR	27
6. HNITASKRÁ ISN93	28
7. HEIMILDASKRÁ.....	29
KORT	30

1. Inngangur

Sumarið 2015 óskaði Vegagerðin eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. gerði úttekt á fornleifum meðfram fyrirhuguðu vegarstæði


Örlygshafnarvegur í sunnanverðum

Patreksfirði. Í kynningarskýrslu

Vegagerðar kemur fram að til standi að

endurbyggja, lagfæra og leggja

bundið slitlag á veginn á 8,4 km löngum kafla, frá Skápadalsá að Patreksfjarðarflugvelli.¹ Vegarkaflinn liggur um land fjögurra jarða: Skápadals, Kots, Hvalskers og Sauðlauksdals. Í meginatriðum fylgir nýi vegurinn núverandi vegarstæði en vîkur þó frá því á þremur til fjórum stöðum.



Úttektarsvæði sýnt með rauðum hring á korti frá Landmælingum Íslands.

Verkið var unnið dagana 15.-17. júlí. Birna Lárusdóttir sá um vettvangsvinnu og studdist við heimildaskráningu sem Sædís Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson gerðu árið 1997 fyrir Vesturbyggð.² Svæðið sem skoðað var með tilliti til fornleifa var alls 100 m breitt, 50 m til hvorrar áttar frá miðlínu áætlaðs vegar. Minjastofnun Íslands lánaði GPS-stöð af gerðinni Trimble til uppmælingar á sýnilegum mannvistarleifum og fær fyrir það þakkir. Sömu leiðis fá

¹ Örlygshafnarvegur (612), bls. 1.

² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 1997.

heimildamenn á Hvalskeri, Sigurbjörg Sigurbergisdóttir og Borgar Þórisson, bestu þakkir fyrir liðlegheit og góðar móttökur auk gagnlegra upplýsinga um örnefni og minjar.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).

2. Löggjöf um minjavernd

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning.

Skráningin sem hér er til umfjöllunar fellur undir deiliskráningu sem er nákvæmari útfærsla á aðalskráningu. Deiliskráning er yfirleitt aðeins gerð þar sem unnið er að deiliskipulagi eða umhverfismati. Í deiliskráningu þarf fornleifafræðingur að geta fullvissað sig um að allar fornleifar á afmörkuðu svæði hafi verið færðar á skrá. Þar af leiðandi er venjan að gaumgæfa mjög vel þau svæði þar sem framkvæmdir standa fyrir dyrum. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) en þar segir í 16. grein:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Lögum samkvæmt eru fornleifar allar mannvistarleifar sem eru 100 ára eða eldri og allar njóta þær friðunar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir og framkvæmd við fornleifaskráningu

Við skráninguna var áhrifasvæðið gengið og sem fyrr segir tekið út um 100 m breitt belti. Stuðst var við ritaðar heimildir, gömul kort og örnefni og rætt við staðkunnuga þar sem í þá náðist. Einnig var svæðið skoðað á loftmyndum. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan framkvæmdasvæðis „í hættu vegna framkvæmda“. Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá raski en í nokkrum tilvikum liggur veglínin fast við eða yfir minjar sem þá eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-040:001).

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum á WGS84 í fornleifaskránni en aftast í skýrslunni við fylgir tafla með hnitum í ISN93. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum þar sem sýnilegar minjar fundust. Notast var við GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávík frá miðju er innan við 1 metri.

4. Fornleifar á áhrifasvæði veglínu

BA-150 Sauðlauksdalur

BA-150:093 gata leið 65°33.179N 23°58.051V



Götuslóði utan í Skersmúla, horft í norðaustur.

Samkvæmt

herforingjaráðskorti frá 1933 lá leiðin frá Hvalskei heim að Sauðlauksdal austan undir Skersmúla, sem er norðan við Hvalskei. Gata sést á þessum slóðum þar sem múlinn tekur að sveigja inn í Sauðlauksdal, ofan eða vestan við núverandi Örlygshafnaveg og gæti verið angi úr gömlu göngu-/reiðgötunni. Gatan er um 30-40 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar.

kindaslóði, fyllt hvítum standi. Líklegt verður að teljast að fleiri hafi farið um neðar í brekkunni, á svipuðum slóðum og vegurinn liggur nú, þótt ekki sé útilokað að sýnilega gatan séu leifar af gömlum göngu-/reiðslóðum. Á loftmynd sjást fleiri slóðar ofar í brekkunni og liggja einnig fyrir Skersmúlann. Nær Hvalskei hefur vegurinn legið nálægt sjó, líklega á sömu slóðum og Örlygshafnarvegur liggur í dag. Engin merki sjást um hann á þeim slóðum.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 1933

BA-152 Sker (Hvalskei)

BA-152:004 heimild um fjós 65°32.102N 23°55.481V

Á túnakorti frá því um 1920 eru sýnd tvö sambyggð útihús í túni, 30-40 m NV af 005, sem var þar sem bæjarstæðið er í dag. Þessi staður er líklega á bilinu 40-50 m vestur frá miðlínu fyrirhugaðs vegar. Á grösugum hól í túni.



S k e r s á

0 50 100
metrar



Efri myndin er hreinteiknað kort af túni Hvalskeis frá því um 1920 með fornleifanúmerum. Ljósgrái liturinn sýnir staði sem ekki voru skráðir að þessu sinni, enda utan áhrifasvæðis. Vel má greina útlínur túnsins á loftmyndinni fyrir neðan.

Húsin sem sýnd eru á kortinu munu hafa verið fjós og hlaða. Hlaða sem mun vera býsna

gömul (steinsteyppt með bárujárnsþaki) er uppistandandi í hlöðustæðinu en nýtt fjós var byggt norðan og neðan við hana á bilinu 1930-40. Gamla fjósið sem áður var sunnan við hlöðuna er alveg horfið. Fjárhús munu einnig hafa verið sambyggð þessari samstæðu og uppistandandi 1918 þótt ekki virðist þau sýnd á kortinu. Engar minjar sjást.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1920

BA-152:005 heimild um bústað 65°32.086N 23°55.402V

Á túnakorti frá því um 1920 er sýnt hús hér um bil syðst og austast í Hvalskerstúni. Það hefur verið nánast á hlaðinu framan við núverandi íbúðarhús og var líklega reist um 1917. Þetta er innan við 20 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Hlað framan við íbúðarhús. Húsið var eldra íbúðarhús úr steini og hefur verið fyrsta íbúðarhúsið á þessum stað, en áður var bæjarstæðið ofar með ánni í túninu. Þetta hús var rífið um 2000. Engar leifar sjást af því.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1920

BA-152:007 heimild um naust 65°32.152N 23°55.488V

Á túnakorti er sýnt útihús nyrst og austast í túni. Þetta mun hafa verið stórt naust. Staðurinn er um eða innan við 10 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Nú eru stór, steyppt fjárhús á staðnum, reist 1961. Engin merki sjást lengur um naustið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1920

BA-152:008 heimild um rétt 65°32.146N 23°55.484V

Á túnakorti frá því um 1920 er sýnt mannvirki fast sunnan eða suðaustan við naust 007. Staðurinn er um eða innan við 10 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Þar er nú heimkeyrsla að fjósi. Á þessum stað var rétt. Borgar Þórisson telur að leifar hennar gæti enn verið að finna undir veginum heim að fjósinu, en þar var ýtt yfir hleðsluleifar. Ekkert sést á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort 1920

BA-152:010 heimild um naust 65°32.890N 23°56.944V

"Líklega hefur verið naust á Múlaflötum í svonefndri Bugkverk," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar naustið var en giskað er á það hafi verið innan við Sandoddann, þar sem hann mætir landi að suðaustan, tæpa 2 km norðvestur af Hvalskeri. Á þessum slóðum liggur Örlygshafnarvegur nú alveg niður við flæðarmál. Ekkert sér til minja á þessum stað. Giskað hefur verið á að naustið gæti hafa verið notað frá Sauðlauksdal þegar lendingin þar var ófær.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvalsker, 1

BA-152:012 Brandarstaðir/Laugukofi heimild um býli 65°32.216N 23°55.553V

1942 segir í Barðstrendingabók: "Lítið grasbýli var á Hvalskeri, var kallað Brandarstaðir; var



Á myndinni sést gamla kaupfélagshúsið, en Brandarstaðir/Laugukofi mun hafa staðið á svipuðum slóðum áður. Horft í NNA.

byggt laust fyrir síðustu aldamót og lagðist niður 1930."

Í örnefnalýsingu segir: "Beint fram af bæ er Bæjarhleinn.

Kemur hún upp um stórstraumsfjöru.

Höldum svo áfram inn með sjónum.

Upp og inn af hleininni er gömul hjáleiga, sem hét Brandsstaðir."

Brandsstaðir voru á

svipuðum stað og

nú stendur gamla kaupfélagshúsið rétt fyrir norðan túnið á Hvalskeri, neðan vegar. Á þessum slóðum var líka talað um Laugukofa en ekki ljóst hvort það var annað nafn á sama býli eða hvort það var annað hús. Staðurinn er að líkindum innan við 10 m austan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Þarna stendur enn gamla kaupfélagshúsið og sömuleiðis skemma sem því fylgdi. Engin ummerki sjást um eldri minjar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-152:016 heimild um útihús 65°32.208N 23°55.562V

Útihús frá Brandarstöðum/Laugukofa 012 voru þar sem Örlygshafnarvegur liggur nú milli túns og kaupfélagshúss. Þetta var nánar tiltekið um 10-20 m SSV af kaupfélagshúsi og fast við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Engar leifar sjást af húsunum og ekki ljóst hvort þeim hefur verið rutt út eða hvort einhverjar leifar gætu leynst undir vegi eða við hann.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

BA-152:019 tóft útihús 65°32.061N 23°55.403V



Lítil tóft er á austurbakka Skersár, handan við núverandi íbúðarhús og utan túns. Hún er rúma 30 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Gróinn, harðlendur bakki. Einföld tóft, hálfgróin, veggir lágir (um 0,3 - 0,4 m). Mjög stórt grjót er í innra byrði veggja, aðeins 1-2 umför. Hún snýr austur-vestur, dyr hafa líklega verið á norðurgafli, í átt að vegi. Vesturendinn er alveg fram á lækjarbakkanum. Stærð 5 x 4 m.

Kort sem sýnir m.a. tóft 019.



Tóft 019, horft í suðaustur.

Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Á gamalli ljósmynd sem til er á Hvalskeri sést að ull hefur verið breidd til þerris á árbakkanum á þessu svæði. Ekki er ljóst hvort tóftin gæti tengst þessu, þ.e. ullarþvotti.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Grjót dreifar sem tilheyrir 020, horft í suðvestur.

BA-152:020 garðlag
vörslugarður 65°32.070N
23°55.401V

Grjótgarði hefur verið hróflað upp meðfram Skersá að vestanverðu. Áin rennur fyrir austan bæinn á Hvalskeri. Harðlendur, grösugur bakki. Grjótræma sem tæplega er hægt að kalla hleðslu. Hún liggur meðfram ánni allt frá því skammt sunnan við Örlygshafnarveg og áfram í átt að eldra bæjarstæði

(001) sem var við ána ofar í túninu. Nú eru 8-10 m milli garðenda að norðanverðu og núverandi vegar. Garður á þessum stað gæti hafa verið hluti af túngarði en enn líklegra er þó



að hann hafi átt að koma í veg fyrir að áin breiddi úr sér inn á túnið. Hann var ekki rakinn á enda til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-152:021 þúst
óþekkt 65°32.847N
23°56.928V

Sérkennileg þúst er uppi á brún ofan eða sunnan við

Þúst 021, horft í norðaustur.

upp
krikanum innan við Sandodda. Þetta er um 1,8 km NV af Hvalskeri og tæpa 30 m vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Ræktað tún. Borgar Þórisson benti á þústina sem er jarðlæg (0,2 m há) og lítt greinileg. Hún snýr norður-suður, er gróin en grjót sést í köntum að norðvestan. Hún er 5 x 3 m stór frá norðri til suðurs. Hugsanlega er þústin náttúruleg en úr því verður ekki skorið nema með nánari könnun.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-152:022 náma
mógrafir 65°32.583N
23°56.466V

Greinilegar mógrafir eru 30-40 m sunnan við núv. Örlygshafnarveg, um 1,2 km



Mógrafir 022, horft í austur.

NNV af Hvalskeri. Þær eru rúmum 40 m vestan við miðlínu áætlaðs vegar. Í afgirtu, mýrlendu stykki, skurðir eru í kring víðast hvar. Mógrafasvæðið er greinilegt, 30-40 m í þvermál, bakkar grenilegir en grafir misdjúpar og -blautar. Víða eru þær þó um 1 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-152:023 Ytrigarður garðlag varnargarður 65°32.311N 23°55.871V

"Ytrigarður liggur niður Hlíðina, gamall varnargarður, rétt fyrir utan kaupfélagið," segir í örnefnalýsingu. Ytrigarður er um 220 m norðvestan við Innrigarð 023 en um 320 m norðan við aðalíbúðarhúsið á Hvalskeri. Austurendi garðs er rúma 20 m fyrir vestan miðlínu fyrirhugaðs vegar en einhverntíma hefur garðurinn sennilega náð lengra til austurs. Hlíð sem



Ytrigarður 023, horft í norðaustur.

er grýtt ofantil en grasi vaxin þegar neðar dregur. Garðurinn er alveg fallinn en vel rekjanlegur í hlíðinni. Hann hefur verið grófhlaðinn úr stóru grjóti. Nú er hægt að rekja hann úr brattri hlíð og niður til NNA alls um rúmlega 100 m leið, en hann endar rúmum 20 m ofan við núv. Örlygshafnarveg og hefur sennilega þurft að víkja þar vegna vegagerðar. Leifar garðsins eru víðast hvar um 1 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð. Milli Ytra- og Innrigarðs myndaðist aðhald sem notað var fyrir búfénað þegar kaupfélagið á Hvalskeri var starfandi, m.a. í sláturtíð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvalsker viðb. og ath, 2.

BA-152:024 *Innrigarður* garðlag vörslugarður 65°32.224N 23°55.692V

Innrigarður nefnist garðlag sem liggur niður hlíðina skammt fyrir utan eða NV byggðina á



Innrigarður 024, horft í norðaustur.

Hvalskeri. Hann liggur nánar tiltekið nánast beint niður að íbúðarhúsi Borgars Þórissonar, en það er nyrsta íbúðarhúsið á staðnum þegar þetta er ritað, austan við Örlygshafnarveg. Milli Ytragarðs (023) og Innragarðs myndaðist aðhald sem notað var fyrir búfénað þegar kaupfélagið á Hvalskeri var starfandi, m.a. í sláturtíð. Austurendi Innragarðs er rúma 50 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar og því utan þess beltis sem var athugað með tilliti til fornleifa. Honum er þó leyft að fljóta með hér, enda má færa rök fyrir því að Innri- og Ytrigarður séu hluti af sömu heild. Garðurinn liggur um bratta hlíð sem er að mestu gróin neðan til en grýtt að ofan. Hann er vel greinilegur en þó nær alveg hruninn. Garðurinn var rakinn á alls rúmlega 80 m löngum kafla frá austri til vesturs. Líkt og á Ytragarði 023 hefur garðinum verið rutt til ofarlega, þar sem strengur af einhverju tagi hefur verið lagður í gegn.

Hættumat: engin hætta

BA-152:025 *Pallanaust* þúst naust 65°32.189N 23°55.534V

Naust sem hét Pallanaust var þekkt á Hvalskeri. Þar var búið um tíma. Nú er ekki vitað hvar Pallanaust var en ábúendur á Hvalskeri bentu á dæld rétt ofan við núv. Örylgshafnarveg sem



Dæld sem gæti hugsanlega verið leifar Pallanausts 025, horft í norður.

gætu hugsanlega verið leifar þess. Í það minnsta er talið að Pallanaust hafi ekki verið á sama stað og naust er merkt á túnakorti frá því um 1920, sjá 007. Staðurinn sem hér er bent á er fast vestan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Sléttur og grösugur bakki ofan við veg. Á þessum stað sést grunn og mjög óljós dæld, um 6 x 3 m stór frá austri til vesturs. Ekkert grjót sést og varla hægt að skera úr um hvort hér er mannvirki undir sem hlýtur þá að hafa verið sléttað eða rutt út.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

BA-152:026 Skipaklettur örnefni landing 65°32.622N 23°56.434V

Í örnefnalýsingu segir frá Skipakletti: "Á miðri Skershlíð er í fjöru klettur, sem heitir



Skipaklettur 026, horft í suðaustur.

Skipaklettur, og utan við túnið gengur klettur fram, sem heitir Skershlein." Skipaklettur er talinn hafa verið við sjóinn fyrir neðan eða NA mógrafir 022. Hann er fast austan við núverandi veg og innan við 10 m austan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Örlygshafnarvegur liggur ofan á klettunum sem eru ekki nema mannhæðarháir og lítt áberandi. Engin mannvirki sjást á staðnum og ekki vitað af hverju nafnið er dregið. Skipaklettur og sögn um naust innan við Sandodda (sjá 007) benda til þess að landing eða jafnvel skipalægi hafi verið á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvalsker, 1-2

BA-152:027 vegur leið 65°32.049N 23°55.376V

Á herforingjaráðskorti frá 1933 er sýnd leið sem lá til suðurs frá Hvalskeri. Hún lá austur yfir Skersá nálægt ströndinni og síðan suður yfir Litladalsá. Skammt sunnar sameinaðist hún fleiri götum og lá alla leið á Rauðasand. Gatan hefur legið þvert á vegarstæði Örlygshafnarvegur.

Þessi leið var aðeins skoðuð á loftmynd. Næst Örlygshafnarvegi sést vart nema mjög ógreinilegur slóði í túni en í framhaldinu er gamall vegur sem augsnílega hefur verið lagður nokkurnveginn á sama stað og gatan á herforingjaráðskorti.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 1933

BA-153 Skápadalur (Skyttudalur)

BA-153:009 Konálsstaðir/Konungsstaðir tóftir býli 65°31.096N 23°54.865V

Í Jarðabók Árna og Páls 1703 segir: "Á milli Skápadals og Kots er bæjarstæði og túngarða að



Kort sem sýnir rústir á Konálsstöðum 009 og tilraun gerð til að afmarka túnstæði. Eins og sjá má eru rústir ekki í hættu, enda meira en 50 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar.

sjá. Hefur túnið temmilega stórt verið. Þetta bæjarstæði kalla menn almennilega Konálsstade (aðrir kalla það Konungsstade). Sumir ætla það kóngseign verið hafa fyrir löngu. Engir vita þó neinar bevisingar þar til, og ætla sumir þessi sögn muni af Konungsstaðanafni sinn uppruna fengið hafa. Þetta bæjarstæði hefur verið í eyði meir en í 100 ár, og so lengi eður lengur fylgt Skápadal. Ætla menn að Kot muni uppbyggt hafa verið í Konálsstaða landareign. Fabulera menn að á Konálsstöðum hafi fólk horfið (burt heillast), og því hafi jörðin eyðilagst. Kot er lítilfjörlegt kot, og sýnist sem Konálsstaðir muni álíka að

gæðum verið hafa, nema hvað túnið hefur þar stærra verið. Nú er túnið komið í hrjóstur og lýng, og leirholt, so óhægt mundi aftur að rækta. So absorberuðu og þessir Konálsstaðir Kots byggíng, ef þeir skyldi uppbyggjast, so alt lenti við sama." 1840 segir í sóknarlýsingu: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar, nfl. Konungsstaðir, ... niðurfallnir í Svartadauða eður circa 1348-1349." 1942 segir í Barðstrendingabók : "Í landi jarðar þessarar sér fyrir fornu eyðibýli, sem kallað er Konungsstaðir. Óvíst er, hvort síra Björn Halldórsson hefir haft kot þetta í huga, er hann samdi Atla. En óhugsandi er, að mögulegt hafi verið að hafa þann búskap á koti þessu, sem hann ætlar Atla að hafa á Konungsstöðum, því að landið er gæðasnautt." Í örnefnalýsingu Skápadals segir: "Innst í hallanum inn við Vegagilið fyrirnefnda er Stekkjarhvolf. Beint niður af því [018] eru



Horft til suðvesturs yfir bæjarstæði Konálsstaða 009 frá núv. vegi.

Konungsstaðir eða Konálsstaðir."

Leifar Konálsstaða sjást enn. Bæjarstæðið er ofan eða sunnan við Örlygshafnarveg um 2,3 km SA af Hvalskeri. Á þessum slóðum stendur til að færa vegstæðið allt að 30-40 m til norðurs, fjær rústunum. Engu að síður eru þeirra getið stuttlega hér, ekki síst þar sem túnstæði Konálsstaða verður að skoðast sem ein heild og ekki útilokað að minjar leynist undir yfirborði. Nyrsta rústin á staðnum er líklega hátt í 80 m suðvestur af miðlínu áætlaðs vegarstæðis. Rústir eru hér ekki skráðar af nákvæmni en svæðið er merkt inn á kort undir þessu númeri. Þetta eru líklega rústirnar sem merktar voru inn af óákvæmni í gögnum Vegagerðar (byggt á aðalskipulagi Vesturbyggðar) milli stöðva 8300 og 8400 og

Minjastofnun Íslands fór sérstaklega fram á að yrðu mældar upp. Nú er ljóst að þær hafa verið merktar inn á rangan stað og sennilegt að um sé að ræða Konálsstaði. Lyngivaxinn mói en þó er grösugt kringum greinilegustu rústir. Lækur rennur norðan við rústirnar. Við hann, efst eða suðvestast á svæðinu, sjást leifar af palli. Þar stóð áður hjólhýsi.

Á svæðinu sjást að minnsta kosti tvö rústasvæði, misgreinleg, en mjög líklegt er að fleiri mannvistarleifar leynist á svæðinu. Sýnilegar rústir ná alls yfir svæði sem er a.m.k. 90 x 45 m stórt frá norðri til suðurs. Greinilegra svæðið (A) er sunnar, allt að 130 m suður af miðlínu fyrirhugaðs vegar. Þar er grasi vaxin rúst og gæti verið af stekk, þá líklega frá Koti og er þá sennilegt að Stekkjarhvolf sé kennt við þessa rúst. Hún er 30-40 m austan við læk þann sem afmarkar svæðið til vesturs. Rústin virðist samanstanda af nokkrum byggingarstigum. Fast austan við rústina eru hugsanlega leifar af garðlagi í lyngigróinni dæld en mjög er það óljóst. Þessi ummerki voru rakin á um 50 m löngum kafla hér um bil í stefnu norður-suður en teljast ekki í hættu vegna vegagerðar. Mjög óljósar rústir (B) eru á litlu holti um 40 m NNV af greinilegu rústinni (A). Þar er greinilegust dæld sem liggur A-V og mótar óljóst fyrir útflöttum veggjum í kring. Svæðið í kring er rústalegt þótt ekki sé hægt að greina eða gera grein fyrir einstökum mannvirkjum. Þetta svæði er um 70 m suður af miðlínu fyrirhugaðs vegar og telst því ekki hættu. Að lokum ber að ítreka að fleiri mannvistarleifar gætu verið á svæðinu þótt ekki sé það greinilegt á yfirborði og að auki er ekki ósennilegt að núv. Örlygshafnarvegur hafi sneitt af túninu nú þegar. Ekki er auðvelt að afmarka túnstæðið (þótt tilraun sé gerð á korti), enda sker það sig ekki frá umhverfinu hvað gróðurfar varðar, en óhætt að segja að við vegagerð ætti að fara með gát á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:JÁM VI, 329; SSV, 213; Bstbók, 103-104; Ö-Skápadalur.

BA-153:021 varða óþekkt 65°31.558N 23°54.987V



Varða 021, horft í norðaustur.

Varða er um 50 m sunnan við núverandi Örlygshafnarveg, á holti rétt suðaustan við brúna á Mikladalsá. Hún hefur tilheyrt Koti - er um 480 m VNV af gamla bæjarstæði þess. Á þessum stað stendur til að færa veginn ofar í landið og því nær vörðunni. Hún er rúma 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Smágrýtt holt, lítt gróið.

Varðan lítur ekki út fyrir að vera gömul.

Hún samanstendur af nokkrum fremur stórum steinum á jarðföstum klöppum. Upp úr hrúgunni stendur spýta og raunar virðist mögulegt að steinum hafi verið hrúgað upp einmitt til að halda henni uppréttri. Alls er hrúgan 0,5-0,7 m há. Ekki er óhugsandi að varðan hafi verið á leið 025 sem lá frá Koti og upp með Mikladalsá en til þess er hún þó líkast til of ung.



Leifar af vegi 022, horft í norðvestur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-153:022 vegur
leið 65°31.509N
23°54.603V

Minjar um gamla vegagerð sjást ofan við túnið í Koti skammt norðan við núverandi Örlygshafnarveg. Austasti hluti vegarins er 20-30 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs vegar.

Melur, lyngi vaxinn

víða. Ágætlega greinileg slóð eða málur vegur, sumstaðar grjót í köntum, breidd víðast hvar 2-3 m. Á loftmynd sést vegurinn ágætlega á tæplega 300 m löngum kafla. Hann er skammt noraðn við núverandi veg rétt ofan við túnið í Koti en sveigir svo fjær veginum til norðurs, í átt að Mikladalsá. Vegur þessi telst tæplega til fornleifa, gæti verið frá því um 1930 ef að líkum lætur, en ekki var leitað sérstaklega eftir heimildum um hann. Hann er þó engu að síður merkilegur í menningarsögulegu tilliti - líklega einna elstu sýnilegu merki um vegagerð á þessum slóðum.



Kort sem sýnir m.a. legu vegar 022.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

BA-153:023 Grænhóll tóft óþekkt 65°31.127N 23°53.084V

Grænhóll er neðan eða norðan við núverandi Örlygshafnarveg, um 1,2 km suðaustur af Koti og um 2,4 km vestur af Skápadal í beinni loftlínu. Á honum er tóft. Tóftin sjálf er líklega ekki í hættu vegna vegagerðar en hóllinn sjálfur, sem teygir sig nær vegi, er álagablettur. Einhverntíma átti að taka úr honum efni til vegagerðar (líklega fyrir 1950) en gröfustjórann dreymdi ófrýnilegan mann nóttina eftir að hola hafði verið grafin í hólinn og hætt var við allt saman. Enn sjást merki um þessa



Tóft á Grænhól 023 í forgrunni, horft í suðvestur.



Kort sem sýnir Grænhól og tóft á honum. Eins og sést er tóftin sjálf meira en 50 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar en hóllinn sjálfur teygir sig nær vegarstæðinu.

efnistöku norðaustarlega í hólnum. Um hólinn segir í örnefnalýsingu Kots, sem upphaflega byggðist sem hjáleiga frá Skápadal: "Innar og ofar [en smálækur eða álma af Vegagilinu] er svo Grænhóll, hár og nokkuð áberandi." Hér er sagt frá bæði hólnum og tóftinni. Tóftin sjálf

telst raunar ekki í hættu vegna vegagerðar, enda er hún um 100 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs vegar. Suðurendi hólins er á hinn bóginn um 50 m norðan við miðlínu. Hár hóll. Hann er áberandi brattur að vestanverðu og grænn að sjá úr fjarska en þar vex þó aðallega lynggróður. Annarstaðar er hann lítt gróinn, enda mikið rof í honum að ofanverðu. Gott útsýni er frá hólum yfir Patreksfjörð.

Svo virðist sem Grænhólsnafnið nái yfir allan hólinn, sem er allstór. Efst á honum er gróðurtorfa og þar er tóftin. Hún hefur þó ekki alveg sloppið við rof, eyða er í henni að utanverðu suðaustan til. Hundapúfa er á henni nyrst og vestast. Tóftin snýr NV-SA. Hún er alls 9 x 7 m stór, fremur fornleg að sjá. Op virðist hafa snúið í NA, út Patreksfjörðinn. Hún er vel gróin en rof allt í kring eins og áður segir, hverg sér í grjót. Veggir ná mest um 0,5 m hæð. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar hefur verið. Ósennilegt er að hér hafi verið útihús og staðsetningin er ekki dæmigerð fyrir stekk eða annað aðhald. Útsýni er mjög gott og e.t.v. tengist staðsetningin því að hægt hafi verið að fylgjast með skipakomum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Kot, 1

BA-153:024 heimild um leið 65°31.125N 23°53.303V

Á herforingjaráðskorti frá 1933 er sýnd leið sem lá til suðvesturs frá ströndinni milli Grænhóls 023 og Konungsstaða 009. Hún lá fyrir endann á Skápadalsfjalli og sameinaðist þar fleiri götum sem lágu til suðurs á Rauðasand. Leifar leiðarinnar eru ekki greinilegar þótt einhverjir kindaslóðar séu í Konungsstaðatúni (ef tún skyldi kalla). Land neðan eða norðan Örlygshafnarvegar er að mestu gróðursnautt á þessum slóðum. Ekki er ljóst hvort leiðin var fjölfarin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar


Heimildir:Herforingjaráðskort 1933

BA-153:025 heimild um leið 65°31.504N 23°54.777V

Á herforingjaráðskorti frá 1933 er sýnd leið sem lá til suðvesturs frá Koti, sem var hjáleiga frá Skápadal. Hún lá upp með Mikladalsá að austan en sameinaðist þar ofar í hlíðinni fleiri götum sem lágu til suðurs á Rauðasand. Gatan hefur legið þvert á vegarstæði Örlygshafnarvegar. Næst Koti, í túninu, hefur gatan líklega legið eins og heimreið (slóði) gerir nú. Sunnan Örlygshafnarvegar sjást engin merki um götur en land er þar lítt gróið. Hugsanlega hefur varða 021 verið á þessari leið þótt líklega sé hún of ung.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Herforingjaráðskort 1933



Hluti af herforingjaráðskorti frá 1933. Númer eru á leiðum sem skráðar voru v/ fyrirhugaðrar vegagerðar.

5. Niðurstöður

Við úttekt á vegarstæðinu voru skráðir 23 minjastaðir af ýmsum toga innan við 50 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Þeir skiptast svo eftir tegundum eða hlutverkum:

útihús	4
götur/leiðir	5
garðlög	3
naust/skipalægi	4
mógrafir	1
býli	2
rétt	1
varða	1
þúst	1
álagablettur	1

Flestir minjastaðir eru í og við tún Hvalskers og kemur ekki á óvart, enda er minjadreifing jafnan þéttust í túnum bæja. Þar er þó ástand minja að jafnaði frekar bágborið vegna framkvæmda í seinni tíð, s.s. bygginga. Nokkrar af skráðum minjum teljast í stórhættu þar sem þær eru nánast í vegarstæðinu eða fast við það. Þetta eru tvö útihús í Hvalskertúni (BA-152:016 og 025) en í báðum tilvikum sjást lítil eða engin ummerki á yfirborði. Að auki hafa þrjár leiðir (BA-152:027, BA-153:024 og 025), sem sjást á Herforingjaráðskorti frá 1933, þverað vegarstæði. Ekki sjást teljandi merki um neina þessara leiða í dag.

Auk þessa þarf að sýna sérstaka aðgæslu bæði í og við túnstæði Hvalskers, þar sem minjar gætu komið óvænt í ljós, og sömuleiðis við Konálsstaði BA-153:009, þar sem minjar eru orðnar mjög fornlegar og óljósar en gætu leynst undir yfirborði.

Auðvelt ætti að vera að koma í veg fyrir rask á flestum hinna staðanna en ef fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir hafi áhrif á fornleifar ber að hafa samráð við Minjastofnun Íslands.

6. Hnitaskrá ISN93

150093	270755	570663
152004	272573	568512
152005	272631	568480
152007	272574	568606
152008	272576	568595
152010	271563	570060
152012	272534	568728
152016	272526	568715
152019	272629.193	568431.223
152020	272629	568448
152021	271568.101	569975.396
152022	271883.284	569447.792
152023	272273.614	568918.808
152024	272378.389	568729.745
152025	272544.759	568676.089
152026	271916	569534
152027	272645	568409
153021	272873	567475
153022	273136.341	567352.054
153023	274272.693	566567.747
153024	274105	566572
153025	273027	567363
15309b	273895.976	566612.011
153009a	273899.743	566563.038

7. Heimildaskrá

Bstbók: Barðstrendingabók, Reykjavík 1942.

Herforingjaráðskort frá 1933. Landmælingar Íslands.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Svæðisskráning fornleifa í Vesturbyggð* (FS031-96041). Fornleifastofnun Íslands 1997.

SSV: Sóknarlýsingar Vestfjarða I-II, Reykjavík 1952.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.


Örlygshafnarvegur (612). Skápadalur-Patreksfjarðarflugvöllur í Vesturbyggð. Kynning vegarframkvæmda. Vegagerðin apríl 2015.

Ö-Hvalsker. Örnefnalýsing Hvalskers. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvalsker viðb. og ath: Hvalsker. Athugsemdir Valborgar Pétursdóttur og Þóris Stefánssonar við skrá Ara Gíslasonar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skápadalur. Örnefnalýsing Skápadals. Jónína Hafsteinsdóttir skráði en studdist við skrá Ara Gíslasonar o.fl. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Kort



Yfirlitskort: Vegarstæði (gult) og fornleifar sýndar með rauðum lit.



Kort 1: Gata í landi Sauðlauksdals.



Kort 2: Minjar í landi Hvalskers sunnan Sandodda.



Kort 3: Minjar í túni Hvalskeis og fast norðan við.



Kort 4: Minjar nyrst í landi Kots/Skápadals.



Kort 5: Minjar í landi Kots/Skápadals. Túnstæði Konálsstaða er sýnt með grænni þekju.